

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002 - 2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 28. apríl 2003 staðfest aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Sogsfoss 1989-2009 frá 21. maí 1990 og aðalskipulag Borgar í Grímsnesi 1989-2009 frá 21. maí 1990, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 28. apríl 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.